



Tvö myndlistarnámskeið fyrir börn á aldrinum 8 til 13 ára og ungmenni 14-18 ára verða haldin í Íslenska bænum í Austur-Meðalholtum, í Flóahreppi sumarið 2020.

Fyrra námskeiðið, fyrir aldurshópinn 8-13 ára, fer fram vikuna 8.- 12. júní frá kl. 10 til kl. 17.

Í gegnum virka þátttöku og frelsi til eigin uppgötvana verða notaðar aðferðir og eiginleikar myndlistar með áherslu á hefðbundna teikningu, mótun, myndbyggingu og myndgreiningu. Viðfangsefni verða sótt í náttúruna, myndheim samtímans, torfbæinn og verkmenningu fyrri tíma. Meðal annars verður fengist við torfhleðslu og eldsmiði. Á námskeiðinu nálgast nemendurnir viðfangsefnið út frá sjónarhorni myndlistarinnar. Þeim verður gefið rými fyrir tilraunamennsku, samræðu, leik og heimspekilegar vangaveltur.



Markmið námskeiðisins er að nemandinn kynnist ólíkum aðferðum við listsköpun, öðlist aukið öryggi og færni í teiknilist og lifandi áhuga á nærumhverfi sínu og menningu.



Hið síðara, fyrir aldurshópinn 14- 18 ára, er hugsað fyrir þau sem hafa áhuga á að leggja fyrir sig myndlist, hönnun og sjónlistir sem starfsgrein. Farið verður yfir vítt svið sjónlista; jöfnum höndum tvívíða og þrívíða myndgerð og tjáningu, umhverfisskynjun, listsögulegar vísanir, myndlestur og skoðun á samtímalist.

Námskeiðið fer fram 20.-24. júlí kl 10-17.

Aðsetur íslenska bæjarins er að Austur-Meðalholtum í Flóahreppi, 60 km frá miðbæ Reykjavíkur, 7 km fyrir sunnan Selfoss.

Kennarar eru Hannes Lárusson og Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir sem bæði hafa langan myndlistarferil að baki og mikla reynsu af myndlistarkennslu á öllum skólastigum. Verð 48.000 kr Frekari upplýsingar og skráning á námskeiðin í símu 6948108, 7768708, 6965046 islenskibaerinn@gmail.com Sjá einnig islenskibaerinn.is.



